

# PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

## I. HLUTI

Miðvikudagur 5. nóvember 2008 17:00-21:00

*Viðfangsefni úr fjármunarétti (70%)*

**Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir.**

Prófið er fimm blaðsíður með forsíðu.

**Það athugast að krossaspurningum (I. hluti) og raunhæfum verkefnum (II. hluti) skal svarað á prófblaðinu sjálfu, sem merkt skal prófnúmeri hér að neðan.**

**Prófarkir skulu auðkenndar tryggilega með prófnúmeri.**

**Efnisspurningum (III. hluti) skal svarað í próförk.**

**Prófnúmer:**

---

<b>I. Krossar (30%)</b>
-------------------------

**Athugið eftirfarandi:**

- Að vægi hvers liðar er jafnt (2,5%).
- Að dregið er frá 0,75% fyrir hvert rangt svar.
- Ef þið takið ekki afstöðu til fullyrðingar telst svarið hvorki rétt né rangt.
- Lesið spurningar vandlega yfir áður en þið merkið við.
- Einungis eitt svar er rétt í hverri spurningu.

**1. Efnabætur eru bætur innan samninga sem greiðast til kröfuhafa vegna þess að samningurinn telst vera ógildur.**

- Rétt  
 Rangt

**2. Hver eftirtalinna fullyrðinga er röng?**

- Ein ógildingarreglna samningaréttar fjallar um löggerninga sem óheiðarlegt er að bera fyrir sig.  
 Ein ógildingarreglna samningaréttar fjallar um löggerninga sem óeðlilegt er talið að bera fyrir sig.  
 Ein ógildingarreglna samningaréttar fjallar um löggerninga sem teljast vera ósanngjarnir.

**3. Hver eftirtalinna fullyrðinga er röng?**

- Loforð er ein tegund löggerninga, sem ætlað er að stofna rétt.  
 Loforð er skuldbindandi viljayfirlýsing sem einungis er skuldbindandi fyrir móttakanda slíkrar viljayfirlýsingar.  
 Loforð geta verið munnleg eða skrifleg.

**4. Forsenda í skilningi samningaréttar er:**

- Ákvörðunarástæða sem loforðsgjafi og umboðsmaður hans hafa rætt um sín í milli við samningsgerðina, og sem þeir hafa sett sem skilyrði í endanlegan samning aðila.  
 Ákvörðunarástæða fyrir loforðsgjafa sem er gerð að stöðluðu samningsákvæði við samningsgerðina.  
 Ákvörðunarástæða fyrir loforðsgjafa, sem loforðsmóttakandi veit eða má vita að lá að baki loforði, þótt hún sé ekki gerð að skilyrði við samningsgerðina.

**5. Ef greiðsla er haldin galla getur kröfuhafi krafist skaðabóta einna og sér eða bæði krafist skaðabóta og beitt öðrum vanefndaúrræðum ef skilyrði til beitingar þeirra eru fyrir hendi.**

- Rétt  
 Rangt

**6. Merkið við ranga fullyrðingu:**

- Krafa lýtur að verðmætum sem metin eru til fjár (þ.e. peningaverðs).
- Krafa má vera andstæð lögum, en ekki siðferði.
- Krafa getur stofnast innan samninga eða utan samninga (með skaðaverki).

**7. Hægt er að rifta kaupsamningi að öllu leyti eða að hluta.**

- Rétt
- Rangt

**8. Skuldskeyting er:**

- Það þegar einn kröfuhafi tekur við af öðrum eftir skriflegum samningi þar að lútandi.
- Yfirfærsla skuldar til nýs skuldara, sem verður með samningi þar um milli skuldskeytanda og hins nýja skuldara, með samþykki kröfuhafa.
- Loforð um að ganga í ábyrgð fyrir annan mann.

**9. Í ábyrgð tveggja eða fleiri skuldara *pro rata* felst að hvor/hver skuldari er skyldugur til að greiða kröfuhafa kröfuna að fullu.**

- Rétt
- Rangt

**10. Kröfu getur lokið með:**

- Fyrningu kröfunnar.
- Vanlýsingu, á grundvelli opinberrar innköllunar.
- Báðir ofangreindir valmöguleikar eru réttir.

**11. Dráttarvextir af peningagreiðslum teljast til vanefndaúrræða í skilningi kröfuréttar.**

- Rétt
- Rangt

**12. Kröfuhafi sem hefur ábyrgð þriðja manns fyrir kröfu sinni getur leitað fullnustu fyrir henni í eignum aðalskuldarans og í eignum ábyrgðarmanns.**

- Rétt
- Rangt

## II. Raunhæf verkefni 20%:

### Athugið eftirfarandi:

- Að vægi hvers liðar er jafnt (2,5%).
- Að dregið er frá 0,75% fyrir hvert rangt svar.
- Ef þið takið ekki afstöðu til fullyrðingar telst svarið hvorki rétt né rangt.
- Lesið spurningarnar vandlega yfir áður en þið merkið við.
- Einungis eitt svar er rétt í hverri spurningu.

### 1. verkefni

Jóhanna hefur keypt ýmsar vöru af Lalla lagara ehf. út í reikning. Skuld Jóhönnu vegna þessara úttekta er kr. 100.000. Lalli lagari ehf. á í töluverðum fjárhagsvandræðum og hefur framselt kröfuna á hendur Jóhönnu til Sigga reddara ehf. Siggi reddari ehf. hefur sent Jóhönnu reikning fyrir úttektunum og krafði hana um greiðslu.

1. Getur Jóhanna neitað að greiða reikninginn til Sigga reddara ehf. þar sem framsal kröfunnar til Sigga reddara ehf. var munnlegt en ekki skriflegt?  
( ) Já  
( ) Nei
2. Getur Jóhanna neitað að greiða reikning Sigga reddara ehf., þar sem hún hafði ekki samþykkt framsal kröfunnar auk þess sem framsalið var ekki kynnt henni sérstaklega?  
( ) Já  
( ) Nei
3. Jóhanna hafði meðal annars keypt flísalím af Lalla lagara ehf., sem var selt sérstaklega sem flísalím fyrir baðherbergjum. Nú hefur komið í ljós að flísalímið er ekki vatnshelt og hentar ekki til notkunar á baðherbergjum. Getur Jóhanna komið þessari mótbáru að (þ.e. kröfu um afslátt) við innheimtu Sigga reddara ehf.?  
( ) Já  
( ) Nei
4. Jóhanna er komin í fjárhagsvandræði og á í erfiðleikum með að greiða kröfuna. Er hún orðin ansi þreytt á sífelldum rúkkunarsímtölum Sigga reddara ehf. Nú nýlega tilkynnti Jóhanna Sigga reddara ehf. að Jón Ákason sagnfræðingur hefði tekið að sér að greiða skuldina, og bað hún Sigga reddara ehf. um að beina innheimtunni eftirleiðis að Jóni, þar sem skuldin væri henni nú óviðkomandi. Getur Siggi reddari ehf. neitað því og haldið áfram að innheimta kröfuna hjá Jóhönnu?  
( ) Já  
( ) Nei

## 2. verkefni

Jóhanna keypti nýlega hundinn Ljóma, sem er af svokölluðu Golden Retriever kyni. Hafði hún kynnt sér hundinn vel og fengið í hendur þær upplýsingar um hundinn að hann væri ættbókarfærður, auk þess sem hann hefði hlotið stórmeistaratign á alþjóðlegri hundasýningu. Er hundurinn mjög vel þekktur meðal hundaræktenda.

1. Ef Jóhanna kæmist að því eftir gerð kaupsamningsins að hundurinn er haldinn sjaldgæfum og banvænum sjúkdómi, gæti hún krafist ógildingar á kaupsamningnum ef upplýst er að seljandinn hafi búið yfir upplýsingum um sjúkdóminn við samningsgerðina?  
 Já  
 Já, en einungis ef sýnt er fram á að verðmæti hundsins hafi að minnsta kosti verið helmingi lægra en það verð sem Jóhanna greiddi fyrir hundinn.  
 Nei
2. Ef í ljós kemur að Jóhanna og seljandi hundsins hafi rætt um að meginforsenda Jóhönnu fyrir kaupnum hafi verið að sýna hundinn og hafa af honum tekjur tengdar sýningum og auglýsingum, gæti hún krafist riftunar á kaupsamningnum, ef í ljós kemur að sjúkdómurinn var til staðar við samningsgerðina og að hann komi í veg fyrir að hægt sé að sýna hundinn?  
 Já  
 Nei
3. Ef sjúkdómurinn kemur ekki í ljós fyrr en þremur mánuðum eftir kaupin og ekkert liggur fyrir að hundurinn hafi verið haldinn þessum sjúkdómi þegar kaupin áttu sér stað, getur Jóhanna krafist riftunar á kaupsamningnum?  
 Já  
 Nei
4. Ef sjúkdómurinn hefði komið upp eftir kaupin, en fyrir afhendingu, getur seljandinn krafist þess, gegn neitun Jóhönnu, að afhenda í staðinn hundinn Dimmu, sem er mjög efnilegur eins árs unghundur af Collier kyni?  
 Já  
 Nei

### III. Efnisspurningar 20%:

**Athugið að úrlausn skal skrifuð á sérstaka próförk, sem merkt skal prófnúmeri próftaka.**

1. Fjallið um vangildisbætur (10%)
2. Gerið grein fyrir helstu reglum og skilyrðum sem gilda um framsal kröfuréttinda (10%)